

## Þróunarverkefnið:

*STARFSTENGD ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDI STARFSMENN  
SEM STARFA Á DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILUM*

## Lokaskýrsla

Vík í Mýrdal í júní 2019

Áslaug Einarsdóttir verkefnastjóri

## **Inngangur**

Á vorönn 2017 veitti Þróunarsjóður framhaldsfræðslu, Fræðslunetinu – símenntun á Suðurlandi, styrk til að þróa og kenna 60 stunda námskeið í starfstengdri íslensku fyrir útlenda starfsmenn sem starfa á dvalar -og hjúkrunarheimilum.

Styrkupp hæð var 1.400.000.-

Í umsókn var miðað við að námið myndi fara fram á Dvalar -og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal. Þróað var 60 stunda starfstengt námskeið fyrir fólk af erlendum uppruna sem starfar á dvalar -og hjúkrunarheimilum.

Verkefnið náði eingöngu til pólskra starfsmanna sem starfa á Hjallatúni í Vík í Mýrdal. Á Hjallatúni eru 25% starfsmanna pólskir.

## **Markmið umsóknar**

Með vísun í 2. gr til laga um framhaldsfræðslu nr. 27 frá 2010 má sjá að eitt markmiðanna er að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Markmið og tilgangur þessa verkefnis var að efla sérstaklega starfsmenn af erlendum uppruna sem starfa á dvalar -og hjúkrunarheimilum til að tala og skilja íslenskt mál svo þeir geti sinnt þörfum og óskum skjólstæðinga sinna. Einnig að fyrrgreindur markhópur nái að skilja betur öldrunarþjónustu í íslensku samfélagi og menningarlegt samhengi hennar.

## **Undirbúningur og samstarf**

Fyrsta skrefið í undirbúningi verkefnisins var að skipa verkefnisstjóra sem varð Áslaug Einarsdóttir verkefnastjóri Fræðslunetsins í Vík. Hún var einnig kennari á námskeiðinu. Gerður var samstarfssamningur á milli Dvalarheimilisins Hjallatúns og Fræðslunets Suðurlands sem var undirritaður af Eyjólfí Sturlaugssyni framkvæmdastjóra Fræðslunetsins og Guðrúnu Berglindi Jóhannesdóttur hjúkrunarforstjóra Hjallatúns.

Í upphafi var verkefnið kynnt fyrir því starfsfólki Hjallatúns af erlendum uppruna sem er og einnig fyrir heimilisfólki Hjallatúns, sem varð strax mjög spennt fyrir verkefninu og var tilbúið að leggja sitt af mörkum til að þetta gæti gengið sem allra best.

## **Framkvæmd verkefnisins**

Fundað var með hjúkrunarforstjóra Hjallatúns og lagðar línurnar um hvernig best væri að haga kennslunni. Niðurstaða okkar var sú að verkefnisstjóri myndi fylgja starfsfólkinu eftir í

vinnu sinni og vera með því á „gólfinu“. Til þess að svo gæti orðið þurfti að undirrita trúnaðaryfirlýsingu gagnvart heimilisfólkinu og stofnuninni og fá leyfi hjá heimilisfólkinu til að utanaðkomandi aðili mætti vera með starfsfólkinu í vinnunni.

Reglulega voru haldnir fundir með starfsfólkinu þar sem umræður fóru fram og áætlanir gerðar um frekara nám og námstilhögun. Kennslan fór öll fram á vinnustað. Engin kennslubók var notuð við kennsluna og námsefnið var samið jafnóðum.

Hver kennslustund byrjaði með hópfunði þar sem kennarinn og starfsfólkið hittist. Starfsfólkið kom með óskir um hvað það vildi leggja áherslu á þann daginn og farið var af stað með þá vinnu. T. d. orð og setningar um mat og borðhald. Í næsta tíma var síðan unnið áfram með sama efni. Á milli kennslustunda voru orðalistarnir uppfærðir af kennara og lögð drög að nýjum orðalista.

Meðan á framgangi verkefnisins stóð, myndaðist smátt og smátt til íslensk-ensk-pólskur orðalisti yfir helstu setningar og orð sem þarf að nota í vinnunni og í daglegu lífi heimilisfólksins.

Í viðauka eru helstu skrif úr dagbók verkefnastjórans. Þau varpa en skýrara ljósi á framkvæmd verkefnisins.

## Árangur verkefnis

Það var mat allra sem að verkefninu komu; forstöðumanns, erlendra starfsmanna og dvalarmanna, að það hafi gengið vel alveg frá fyrsta degi. Helsti árangur verkefnisins var eftirfarandi:

- Íslensk-ensk-pólskur orða og setningalisti varð til, sem nota má fyrir starfsmenn annarra dvalar og hjúkrunarheimila.
- Aukin starfsánægja þeirra sem dvöldu og störfuðu á Hjallatúni.
- Aukin gæði þjónustunnar við heimilismenn á Hjallatúni.
- Námskeiðið bætti mjög tungumálakunnáttu þeirra sem tóku þátt í því.

Áberandi munur var á milli þeirra sem æfðu sig utan kennslustundanna og byrjuðu strax að nota íslenskuna og þeirra sem voru ekki eins ákveðnir í að nota íslenskuna. Mikilvægt er því að virkja alla strax til þátttöku og þá hugsanlega með markvissari undirbúningi og kynningu.

Starfsfólk og heimilismenn Hjallatúns urðu öruggari í samskiptum hvorir við aðra og léttara varð yfir öllum samskiptum fólksins.

Almenn ánægja var hjá heimilis- og starfsfólki Hjallatúns með námskeiðið. Dvalarheimilið hefur þegar beðið um annað samsvarandi námskeið.

## Afurðir verkefnisins

Sýnileiki verkefnisins felst í orða -og setningalista sem var gerður samhliða námskeiðinu og verður opinn á vefmiðlum.

## Uppgjör kostnaðar

Kostnaðarliðir	Gjöld	Tekjur
Undirbúningur; fundir, samningsgerð, kynning og fl. (40 klst. x 14.900)	596.000	
Kennsla á vinnustað 60 kennslust. eða 40 klst. (40 klst. x 11.000)	440.000	
Úrvinnsla (skráning, mat á árangri, skýrslugerð og fl. (35 klst. x 14.900)	521.500	
Akstur og annar lítilsháttar kostnaður	50.000	
Styrkur frá þróunarsjóði		1.400.000
Styrkur frá Rannís vegna kennslu í íslensku (27.000 x 6)		162.000
<b>Samtals niðurstaða:</b>	<b>1.607.500</b>	<b>1.562.000</b>

Eins og sést á þessu uppgjöri hefur verið reynt að miða vinnu við áætlaðan styrk og Rannís samþykkti námið inn í sitt styrkjakerfi og fékkst lítilsháttar styrkur út á námshóp í Hjallatúni.

## Lokaorð

Að verki loknu gengur verkefnastjóri sáttur frá borði. Vinnan með starfsfólki dvalarheimilisins var sérdeilis ánægjuleg og athyglisvert er að sjá hvað það var mikill áhugi til staðar hjá því þegar einhver var kominn á „gólfið“ við hliðina á þeim, sem vildi aðstoða með tungumálanám. Vissulega sló starfsfólkið tvær flugur með þessu fyrirkomulagi; það gat lært nýtt tungumál um leið og það vann vinnuna sína – þurfti sem sé ekki að fara um kvöld á annan stað til að læra það sérstaklega. Þessi aðferð við íslenskukennslu er því líklegri til að ná til fleiri útlendinga en þau hefðbundnu tilboð sem í gangi eru.

## Viðauki (dagbók verkefnastjóra/kennara)

### Samantekt á tímabilinu september – október 2017.

Áætlað var að verkefnið myndi hefjast í ágúst mánuði 2017 en vegna sumarfría var ákveðið að byrja 15. september þannig að allir gætu verið með frá upphafi.

Þann 15. september hófst svo verkefnið með því að verkefnastjóri/kennari hitti pólskt starfsfólk Hjallatúns. Þau eru fimm til sex sem sýna hug á að taka þátt í námskeiðinu og þróa starfstengda íslensku á vinnustað. Verkefnið og hugmyndir að því voru kynntar starfsfólkinu og einnig heimilisfólki Hjallatúns.

Fram til 15. október fór verkefnastjóri reglulega á Hjallatún og hitti bæði íslenskt og pólskt starfsfólk. Til að sem bestur árangur náist þá þarf íslenska starfsfólkið einnig að koma að verkefninu sem stuðningur við það og tala frekar íslensku en ensku við þau en mjög áberandi er hversu enskan er ráðandi í samskiptum á kostnað íslenskunnar. Margt af pólska starfsfólkinu sem kemur til vinnu á Hjallatúni kann t.d. enga ensku í byrjun dvalar sinnar hér. Mjög gott samstarf var við forstöðukonu Hjallatúns og lagði hún línurnar um hvað væri mikilvægt að leggja áherslu á í samskiptum.

### Október-deseember 2017

Í dag tíunda október hófst verkefnið á því að við byrjuðum á að gera orðalista í sameiningu; verkefnastjórinn og pólska starfsfólkið. Í byrjun var gerður orðalisti yfir mánuði ársins og dagana, farið var yfir heiti á vistarverum Hjallatúns, heiti á húsbúnaði og síðan leiddi eitt af öðru. Starfsfólkinu var fylgt eftir í daglegum störfum og sífellt bættust við ný orð. Unnið var í gerð orðalistanna og þegar þeir voru að mestu í höfn þá var farið að gera setningar um það sem starfsfólkið var að fást við dags daglega. Þetta tók lengri tíma en áætlanir höfðu gert ráð fyrir því alltaf lengdust orða og setningalistarnir. Hlé varð á verkefnavinnunni í desember og fram í miðjan janúar.

### Janúar-mars 2018

Um miðjan janúar var starfsfólkið komið aftur til vinnu og var tilbúið að byrja. Kennt var tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga þrjár kennslustundir í senn. Kennslunni var þannig háttað að byrjað var á að fara sameiginlega yfir það sem hafði bæst við síðan í síðasta tíma og svo var fólkinu fylgt eftir í daglegum störfum. Einnig voru sviðsettar ferðir á WC, sturtuferðir og fleira sem lýtur að persónulegum þörfum fólks. Ávinningurinn af þessu var að starfsfólkið verður öruggara með sig og gerði sér betur grein fyrir þörfum fólksins og heimilisfólkið varð einnig öruggara með að tjá sínar þarfir. Ekki var farið með starfsfólkinu í allt sem sneri að umönnun, sumt er of persónulegt til að utanaðkomandi manneskja sé til staðar en þá var sest niður og talað um þá hluti. Oft urðu til mjög skemmtilegar samræðustundir hjá hópnum og mikil ánægja og gleði einkenndi vinnuna. Einu sinni í viku var haldinn hópfundur þar sem verkefnið var rætt og hvað er hægt að gera betur

## **Apríl – júní 2018**

Í apíl lauk kennslunni. Þessa dagana í maí er verið að setja saman endanlegan námskeiðspakka og gerð setningalista. Í upphafi var gert ráð fyrir að orðalistinn yrði íslensk – pólskur en til að hann gæti nýst fleirum var enskunni bætt við hann. Þetta er talsverð vinna og ekki síst að ákveða niðurröðun flokka.

Í júní var svo byrjað á lokaskýrslunni.